



8. desember 2022

Tilv.: 2211181

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland nr. 26/145.

Með tölvupósti dags. 30. nóvember sl. óskaði utanríkismálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu að þingsályktun um breytingu á þingsályktun um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland nr. 26/145, sbr. þingskjal 577 á 153. löggjafarþingi, 487. mál. Þingsályktun nr. 26/145 fól ríkisstjórn að fylgja stefnu um þjóðaröryggi, sem tryggi sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna og vernd stjórnkerfis og grunnvirkja samfélagsins.

Þær breytingar með sem lagðar eru til með þingsályktunartillögunni eru settar fram með hliðsjón af sjónarmiðum sem fram hafa komið á vettvangi þjóðaröryggisráðs og lúta að síbreytilegri flóknari ógnum og öðrum áskorunum í öryggismálum frá því sem áður var. Hröð tækniþróun, einkum í net- og upplýsingatækni, hefur leitt til margvíslegra framfara en um leið nýrra áskorana. Þá kalli ný staða í öryggismálum Evrópu, alvarlegar afleiðingar hernaðar Rússa í Úkraínu og aukin spennan í alþjóðasamskiptum á aukna árvekni á fjölmörgum málefnasviðum sem þjóðaröryggisstefnan tekur til.

Seðlabanki Íslands tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni, um mikilvægi þess að auka skýrleika á tilteknum sviðum þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, sem lagt er til að Alþingi feli ríkisstjórninni að fylgja á næstu árum. Seðlabanki Íslands telur að þær breytingar sem lagðar eru til með þingsályktunartillögunni undirstriki mikilvægi fjármála- og efnahagsöryggis sem og öryggis innviða fjármálakerfisins fyrir þjóðaröryggi og þar með þeirra verkefna sem Seðlabankanum eru falin samkvæmt lögum. Þá tekur Seðlabankinn undir mikilvægi fjarskipta-, net- og gagnaöryggis og alþjóðlegrar samvinnu fyrir íslenska fjármálakerfið í heild.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gunnar Jakobsson
varaseðlabankastjóri
fjármálastöðugleiki

Haukur C. Benediktsson
framkvæmdastjóri
fjármálastöðugleiki

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is